

AUGLÝSING

Kosning trúnaðarmanns Sameykis kjörtímabilið 2021 til 2023

Samkvæmt ákvæðum um kjör trúnaðarmanna í starfsreglum trúnaðarmanna og trúnaðarmannaráðs Sameykis hefur fráfarandi trúnaðarmaður félagsins skipað eftirtalinn félagsmann sem umboðsmann kosningarinnar:

Úr lögum SAMEYKIS og starfsreglunum:

”Kjör trúnaðarmanna skal fara fram í maí mánuði á tveggja ára fresti. Þegar trúnaðarmanni hafa borist kjörgögn í hendur ber honum að skipa umboðsmann og tilkynna félaginu hver umboðsmaður er.

Umboðsmaður hefur yfirumsjón með kosningu /vali trúnaðarmanns fyrir nýtt kjörtímabil, vottar að kosningin hafi farið rétt fram og tilkynnir niðurstöðuna til félagsins.

Umboðsmaður skipuleggur kosningu trúnaðarmanns og varamanns hans. Umboðsmaður og fráfarandi trúnaðarmaður skulu leita eftir tilnefningum félagsmanna um frambjóðendur.

Einnig getur hver félagsmaður gert skriflegar tillögur til umboðsmanns.

Eftir að hafa fengið skriflegt samþykki þeirra sem tilnefndir hafa verið skal umboðsmaður auglýsa kosningu með a.m.k. fimm daga fyrirvara og taka þar fram hverjir eru í framboði.

Berist eigi tilkynning um val fyrir 31.maí hefur stjórn Sameykis heimild til að skipa trúnaðarmann án tilnefningar og sem tilkynnt er félögum á vinnustaðnum.

Þróað hefur verið umbunarkerfi fyrir trúnaðarmenn og fá trúnaðarmenn fjárhagslega umbun fyrir störf sín.

Styrkjum trúnaðarmanninn í starfi með þátttöku okkar í kjöri hans.